

## **Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands**

Már Jónsson forstöðumaður

Starfsskýrsla um árið 2008  
lögð fram á ársfundi 12. mars 2009

### **Stjórn og starfsmenn**

Ársfundur Sagnfræðistofnunar 2008 var haldinn 15. febrúar. Már Jónsson og Valur Ingimundarson voru endurkjörnir til tveggja ára, en fulltrúi meistaránema verður Ólafur Arnar Sveinsson. Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu en réð ráðum sínum þess á milli í tölvupósti og óformlegum samræðum. Aðild Sagnfræðistofnunar að Hugvísindastofnun er óbreytt og situr forstöðumaður stjórnarfundis. Á stjórn Hugvísindastofnunar er orðin sú breyting að nýr sviðsstjóri nýs hugvísindasviðs, Ástráður Eysteinnsson, er jafnframt forstöðumaður.

### **Verkefni**

Vefsíðan *Söguslóðir* var sem fyrr í umsjá Guðmundar Jónssonar prófessors. Pálmi Gautur Sverrisson meistaránemi annaðist daglega umsýslu og hefur jafnframt sinnt öðrum verkefnum í tengslum við bókalager og bókasafn. Sagnfræðinemar sem standa að útgáfu *Sagna* höfðu aðstöðu í Guðnastofu og aðgang að síma ásamt tengingu við netið. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar og formaður stjórnar Miðstöðvar munnlegrar sögu. Mikill kraftur var í starfi miðstöðvarinnar á árinu, en helsta viðfangsefni hennar er að safna munnlegum heimildum og er það gert í samstarfi við einstaklinga og stofnanir. Vinna við sögu íslenskrar utanlandsverslunar er á lokastigi og veglegt rit um meginniðurstöður Reykholtswerkefnis er í undirbúningi. Þá hafði stofnunin umsjón með athugun á verslun í Vopnafirði um aldamótin, að frumkvæði Björns Stefánssonar stjórn málafræðings og bræðra hans. Þeir lögðu fé til verksins og að höfðu samráði við forstöðumann var Gróa Másdóttir MA ráðin í sex mánuði. Fræðileg umsjón af hálfu Sagnfræðistofnunar var í höndum Halldórs Bjarnasonar adjunkts.

### **Bókasafn og bókaútgáfa**

Engar bækur voru keyptar á árinu, einkum vegna plássleysis í Guðnastofu. Lágmarkslager eldri bóka hefur nú verið komið fyrir í herberginu en nokkru magni bóka dreift til höfunda. Reynt verður að selja það sem eftir stendur á mjög vægu verði enda lítil ástæða til að geyma meira en hálf hundrad eintaka af hverjum titli. Við þessar framkvæmdir myndast nokkurt rými í Guðnastofu og væri ráð á ársfundi að huga að aðfangastefnu stofnunarinnar.

Engin bók kom út í ritröðinni Sagnfræðirannsóknnum en í Ritsafni Sagnfræðistofnunar kom út bók Aðalgeirs Kristjánssonar *Bókabylting 18. aldar. Fræðastörf og bókaútgáfa upplýsingarmanna*. Karl Jóhann Garðarsson annaðist útgáfuna. Þá var gefin út lítið breytt meistaraþrófsritgerð Benedikts Eyþórssonar, *Búskapur og rekstur staðar í Reykholti*. Valur Freyr Steinarsson annaðist útgáfuna. Jörundur Guðmundsson tók að nýju við starfi framkvæmdastjóra hjá Háskólaútgáfu og hefur boðað þá breytingu að allar útgáfubækur muni gangast undir ritryningu.

### **Minningarfyrrlestur Jóns Sigurðssonar**

Árlegan minningarfyrrlestur Jóns Sigurðssonar hélt norski sagnfræðingurinn Ida Blom 11. ágúst undir heitinu „Finding a new past - from national women's history to transnational gender history.“ Erindi hennar var jafnframt opunarfyrrlestur Níundu ráðstefnu norræna kvenna- og kynjasagnfræðinga við Háskóla Íslands. Blom er prófessor emeritus í kvenna- og kynjasögu við háskólann í Björgvin, Noregi. Að tillögu Guðmundar Hálfðanarsonar ákvað stjórn Sagnfræðistofnunar að bjóða Miroslav Hroch við háskólann í Prag að halda næsta minningarfyrrlestur núna 30. mars næstkomandi, en málstofa verði daginn eftir.

### **Rannsóknir**

Helsta starfsemi Sagnfræðistofnunar eru rannsóknir þeirra sem vinna við hana. Frá rannsóknnum einstaklinga er aðeins sagt lauslega, enda er gerð nákvæm grein fyrir þeim í *Ritaskrá Háskóla Íslands*:

Anna Agnarsdóttir lauk við bókarhluta um tímabilið 1795-1830 í níunda bindi Sögu Íslands sem kom út hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi. Tvær greinar birtust í ritum erlendis: „The Danish Empire: The Special Case of Iceland“ í *Europe and its Empires*, gefið út í Pisa, og „Den islandske revolution 1809 og den islandske reaktion“, *Rejse gennem Islands historie - den danske forbindelse*, hjá Gads forlag í Kaupmannahöfn. Hún flutti sex erindi á Íslandi, í Lissabon og London. Handrit að bók með Íslandsskjölum Joseph Banks er komið til útgáfu til Hakluyt Society í London og áfram er starfað í Cliohres verkefni Evrópusambandsins og sem trustee í The Banks Archive Project.

Eggert Þór Bernharðsson vann einkum að rannsóknarverkefninu „Sagan til fólksins. Margmiðlun og sagnfræði.“ Kannaðir eru margvíslegir kostir á miðlun sögulegs efnis og mismunandi framsetningu eftir miðlum. Fjallað er um samspil ólíkra miðla og mögulega samtönnun efnis í margmiðlun.

Gavin Lucas has been working mostly on writing and editing a book about the archaeological excavations at the Viking settlement of Hofstaðir which will be published in 2009; he also published a paper about the ritual aspects of the site as well as another paper on his excavations of a Viking sel at Kárahnjúkur. During the fall, he was on sabbatical at Stanford University researching for on a book on archaeological theory, and also directed a week-long seminar on theory and excavation in Athens for the Nordic Graduate School (Dialpast).

Gísli Gunnarsson fór á eftirlaun í marsmánuði. Á árinu gekk hann frá sínum hluta í sögu utanríkisverslunar og birti ritdóm í tímaritinu *Sögu* um bók Hildar Biering, Barnauppeldisins heilaga skylda. Barnavernd á fyrra hluta 19. aldar (2006). Einnig vann hann að grein á dönsku undir heitinu „Islands monopolhandel til 1787 - nye perspektiver.“

Guðmundur Hálfðanarson er annar aðalstjórnandi öndvegisnetsins CLIOHRES sem styrkt er af 6. rammaáætlun ESB. Innan verkefnisins starfa 180 fræðimenn og doktorsnemar í 45 evrópskum háskólum. Að auki sat hann í stjórnarnefnd NHIST (Representations of the Past: The Writing of National Histories in Europe), evrópsks rannsókarverkefnis sem var styrkt af European Science Foundation. Á árinu gaf hann út aukna og endurskoðaða útgáfu *Historical Dictionary of Iceland* hjá Scarecrow Press í Bandaríkjunum og ritstýrði bókinni *Discrimination and Tolerance in European History* hjá háskólaútgáfunni í Písa. Eftir hann birtust greinar í sex fræðilegar greinar í íslenskum, enskum og dönskum tímaritum og ritgerðasöfnum. Guðmundur flutti sex fræðileg erindi á árinu í Reykjavík, við háskólann í Adana (Tyrklandi), Strasbourg og á ráðstefnu ítalskra samtaka um sögu árnýjaldar í Písa á Ítalíu. Hann situr í ritstjórn þriggja ritraða innan CLIOHRES, en þar komu út átta bækur á árinu, og er einn fimm ritstjóra *Scandinavian Journal of History*. Hann vann áfram að rannsóknum vegna aldarsögu Háskóla Íslands, en handrit að hans hluta verksins á að verða tilbúið í lok árs 2009.

Guðmundur Jónsson tók þátt í starfi norræna öndvegissetursins NordWel: The Nordic Welfare State – Historical Foundations and Future Challenges. Hann vann að uppbyggingu Miðstöðvar munnlegrar sögu, en þar bar hæst söfnunarverkefnið „Minningar úr kvennabaráttunni“ og sýninguna „Reykvíska eldhúsið. Matur og mannlíf í hundrað ár.“ Þá hóf Miðstöðin að safna sögum úr yfirstandandi efnahagskreppu. Rannsóknir Guðmundar snerust aðallega um hlutlægnishugtakið í sagnfræði, borgaralegar velferðarhugmyndir á 19. öld og efnahagskreppur í sögulegu ljósi. Birtust niðurstöður þeirra á prenti.

Gunnar Karlsson hélt áfram vinnu við verkefni frá fyrra ári. Í handbók um íslenska miðaldasögu vann hann upp úr eldri drögum handrit að bindi um náttúrlegar aðstæður og

atvinnuhætti, og er von á því á prent á árinu 2009. Kafla um tímabilið 1830-74 í *Sögu Íslands* var lokið og bindi þar sem hann birtist kom út á árinu. Þá lauk Gunnar við og gaf út nokkrar greinar um sundurleit efni sem voru flestar að einhverju leyti afrakstur af ráðstefnuerindum eða öðrum fyrirlesturum: um sagnfræði og sannleik, stofnár Þingeyraklausturs, danska stjórn á Íslandi, tengsl Jónasar Hallgrímssonar og Tómasar Sæmundssonar, uppruna íslenskra menntamanna á 16.-18. öld og fleira.

Halldór Bjarnason þokaði áfram kafla sínum í verslunarsögu. Hann hélt einnig þrjú erindi á málþingum í Reykjavík og skrifaði grein í afmælisrit til heiðurs Eggerti Þór Bernharðssyni.

Helgi Þorláksson er í stjórn tveggja verkefna sem Sagnfræðistofnun stendur að, það er *Sögu íslenskrar utanlandsverslunar frá landnámi til loka 20. aldar* og *Reykholtsverkefninu*. Lokaáfangar beggja verkefna eru hafnir. Helgi er með öðrum ritstjóri lokarits um Reykholtsverkefnið þar sem helstu niðurstöður verða dregnar saman. Hann tekur þátt í sérstöku verkefni um seljabúskap Reykhóltsstaðar og öðru sem nefnist *The Kingdom of Norway and the Norse Countries 1270-1380*. Hann sótti þing í Röros vegna hins síðarnefnda og flutti þar fyrirlestur. Hann flutti fyrirlestur í boði UC Los Angeles og var andmælandi við doktorsvörn í Lundi, flutti þrjá aðra opinbera fyrirlestra og birti fimm rit á prenti.

Ingi Sigurðsson vann að rannsóknum á hugmynda- og menningartengslum Íslendinga og Norðmanna frá 1814 fram til síðari heimsstyrjaldar. Í tengslum við það verkefni vann hann að rannsóknum á viðhorfum Íslendinga til Noregs og Norðmanna á umræddu tímabili. Enn fremur stundaði hann rannsóknir á upplýsingunni á Íslandi.

Kristjana Kristinsdóttir vann að undirbúningi að samningu leiðbeininga um skjalavörslu auk athugunar á sögu hreppstjóra með áherslu á skjalasöfn þeirra.

Már Jónsson lauk við útgáfu prestastefnudóma Skálholtsbiskupa á 17. öld með dómum Þórðar Þorlákssonar árin 1675-1697 í samvinnu við Gunnar Örn Hannesson. Einnig gaf Már út bókina *Galdrar og siðferði í Strandasýslu á síðari hluta 17. aldar* á vegum Galdrasafnsins í Hólmavík. Hann birti greinar um Jónsbók og bókmenningu miðalda, sem og ritdóma, en hélt erindi um Árna Magnússon og menningarsögu 17. aldar í Reykjavík, Skálholti, Kaupmannahöfn, Amsterdam, Basel og Burgos.

Orri Vésteinsson hélt áfram rannsóknum sínum á landnámi, en vann einnig að úrvinnslu uppgrafa á Sveigakoti og Gásum og gekk frá skýrslum um fornleifaskráningarverkefni fyrri ára. Hann birti greinar um íslenska fornleifafraeði í innlendum og erlendum tímaritum og hélt fyrirlestra á ráðstefnum í Englandi og á Grænlandi.

Ragnheiður Kristjánsdóttir gaf út bókina *Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkalyðsstjórnsmál 1901-1944*. Hún flutti erindi tengt efni þeirra bókar á Hugvísindafingi og tók þátt í að setja á

fót alþjóðlegt rannsóknarverkefni um kommúnisma og þjóðernisstefnu. Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn í Amsterdam í apríl og þar stýrði hún málstofu um kommúnistaflokka í Vestur-Evrópu.

Steinunn Kristjánsdóttir hélt áfram rannsóknum á miðaldaklaustrinu að Skriðu í Fljótsdal, auk þess að stjórna uppgrefti á rústum þess. Greinar um rannsóknina birtust í *Acta Archaeologica* og *Ritinu*. Steinunn ritstýrði, ásamt Hrafnkeli Lárussyni, greinasafninu *Skriðuklaustur - evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal* og birti grein um rannsóknina í því. Jafnframt birti hún grein í bókinni *Þræðir - Hrafnkell A. Jónsson fræðimaður og foringi*. Steinunn er ritstjóri ritraðarinnar Skýrslur Þjóðminjasafns og skýrslna Skriðuklaustursrannsókna. Komu tvær skýrslur út á árinu í hvorri ritröð. Steinunn sótti tvær miðaldaráðstefnur erlendis og flutti erindi um rannsóknirnar á Skriðuklaustri. Eins flutti hún fjóra opna fyrirlestra um efnið, meðal annars á Hugvísindapiþingi. Loks flutti hún erindi á alþjóðlegri ráðstefnu guðfræðinga og fornleifafræðinga við Háskóla Íslands í september.

Sveinbjörn Rafnsson hefur á árinu unnið að rannsóknum á fornri íslenskri sagnaritun og lögum. Hann birti greinar um efnið í tímaritinu *Sögu* og í safn- og afmælisritum. Erindi hélt hann einnig um efnið í Reykholti.

Valur Ingimundarson stundaði rannsóknir á íslenskum utanríkismálum eftir brottför Bandaríkjahers, sögu og minni og kalda stríðinu. Hann hélt fyrirlestra um þessi efni á ráðstefnum í New York, Osló, Tampere, Árósum og Reykjavík. Hann birti kafla um brotthvarfs Bandaríkjahers í bók sem hann ritstýrði um íslensk utanríkismál eftir lok kalda stríðsins og annan um íslenska utanríkisstefnu í bók sem kom út í Noregi um framtíðarmikilvægi norðurslóða.

Þór Whitehead vann að fimmta bindi í sögu Íslands í síðari heimsstyrjöld, flutti fyrirlestur um hernaðarmikilvægi Íslands 1939-1945 á alþjóðlegri ráðstefnu um Rússlandssiglingar á styrjaldarárunum (Arctic Convoy Conference) og lauk við ritgerð um stofnun Sósíalístaflokksins 1937-1939, sem birtist í hausthefti *Sögu*. Þá hóf hann ritun bókar um öryggismál íslenska ríkisins árin 1921-1972.

## **Fjárhagur**

Yfirlit um fjárhag ársins 2008 er lagt fram á fundinum ásamt ársskýrslunni. Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun, hefur umsjón með fjárreiðum Sagnfræðistofnunar og gerir það með miklum ágætum. Hugvísindastofnun veitti Sagnfræðistofnun kr. 1100 þúsund af fjárveitingu sinni, en sú upphæð nam einni milljón árið 2006 og kr. 900 þúsund árið 2007. Við bættust kr. 1.758.262 sem mótframlag vegna

utanaðkomandi styrkja (en voru kr. 563.605 árið 2006 og kr. 1.781.262 árið 2007). Heildarhlutur stofnunarinnar fyrir árið 2008 var því kr. 2.858.000. Ráðist var í að einfalda reikningshald stofnunarinnar og þremur verkefnisnúmerum lokað sem voru í halla en hagnaður af ljósritun fyrri ára nýttur upp í það. Nokkurt tap var á þingi norræna sagnfræðinga árið 2007, en viðráðanlegt. Stofnunin sem slík stendur líka mjög vel fjárhagslega en skuldir vegna bókaútgáfu eru miklar, enda halli á öllum titlum síðustu ára. Þetta ræður stofnunin ekki við til frambúðar, ekki síst þegar hugmyndir eru uppi um það að breyta fyrirkomulagi fjárveitinga til rannsóknastofnana innan Hugvísindasviðs á þá leið að dregið verði úr föstum framlögum og meira lagt upp úr skiptingu fjár með hliðsjón af verkefnum sem unnið er að, einkum rannsóknum en jafnframt bókaútgáfu.